



Ræða flutt við framlagningu fjárhagsáætlunar 2024 og 3ja ára áætlunar 2025-2027 á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar þriðjudaginn 7. nóv. 2023

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Verklagið

Í 62. grein sveitarstjórnarlaga segir;

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta skv. 60. gr. Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til, sbr. nánari fyrirmæli í 63. gr.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember. Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.

Tillögum skv. 3. mgr. skulu fylgja upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á. Tillögunum skal fylgja lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.

Hér er því lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn tillaga að bindandi fjárheimildum 2024 ásamt 3ja ára áætlun 2025, 2026 og 2027. Áður hefur umræða og mótun tillagna farið fram á meðal kjörinna fulltrúa í bæjarráði og fleiri nefndum og ráðum en einnig á meðal stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins. Vegna mikillar óvissu í ytra og innra umhverfi sveitarfélagsins er rétt að líta á þetta frumvarp sem „verk í vinnslu“ sem örugglega mun taka breytingum áður en til síðari umræðu kemur í desember. Á milli bæjarstjórnarfunda verður frumvarpið áfram til meðferðar á óformlegum og formlegum fundum í stjórnarsýslunni en áætlað er að síðari umræða og afgreiðsla fari fram á aukafundi bæjarstjórnar þann 12. des. n.k.



Forsendur

Ytri forsendur

Fyrir utan innri forsendur, sem liggja til grundvallar frumvarpinu, er horft til ýmissa þátta í ytra umhverfi svo sem atvinnuástands, stöðu og horfur í efnahagsmálum, aukinnar flugumferðar til og frá Íslandi, áhrifa ófriðar víða um heim á uppbyggingu Atlandshafsbandalagsins o.fl. en þessi atriði og mörg fleiri geta hafa mikil áhrif á okkar svæði.

Innri forsendur

Eins og öll vita hefur mikil verðbólga verið að gera okkur erfitt fyrir síðustu misseri og útlit fyrir að svo verði áfram á komandi ári. Gjaldskrá þjónustugjalda mun taka breytingum sem nema verðlagshækkunum á árinu, eða um 8% að meðaltali, en gert er ráð fyrir meiri hækkun á gjaldskrá almenningsamgagna, annarra en barna auk þess sem breytt fyrirkomulag sorphirðu með tilheyrandi hækkun kostnaðar mun kalla á meiri hækkun sorphirðugjalda en sem nemur 8%. Sá liður er þó enn til skoðunar vegna óvissu um mótframlag úr Endurvinnslusjóði.

Háum stýrivöxtum Seðlabankans er ætlað að hækka verð á lánsfjármagni með það að markmiði að draga úr þenslu og hefur það ástand veruleg áhrif á möguleika Reykjanesbæjar og annarra sveitarfélaga til framkvæmda og fjárfestinga almennt. Samt eru nokkur verkefni sem ekki verður komist hjá að halda áfram með. Má þar nefna íþróttahús, sundlaug og almenningsbókasafn við Stapaskóla, lagfæringar á rakaskemmdum í dagdvöl aldraðra í Selinu, í leikskólanum Heiðarseli, í Björkinni við Njarðvíkurskóla, í Holtaskóla og í Myllubakkaskóla, fjölgun plássá og byggingu leikskóla í Hlíðarhverfi og Drekaðal, stækkun Myllubakkaskóla og Holtaskóla í takt við fjölgun íbúa, viðhald gatna og annarra innviða og fjárfesting í mannauði og starfsaðstöðu m.a. í Ráðhúsi Reykjanesbæjar. Ráðhúsið var byggt á 9. áratug síðustu aldar og þarfnast bæði viðhalds og uppfærslu í takt við fjölgun starfsmanna.

Eftir að heimsfaraldri Covid 19 lauk hefur ferðapjónusta á Íslandi vaxið hratt og umferð um Keflavíkurflugvöll aukist mikið. Í viðtali við forstjóra Icelandair í Mbl. þ. 3. nóv. sl. kom fram að á komandi ári sé gert ráð fyrir að flugáætlun Icelandair á næsta ári verði sú stærsta frá upphafi. Það og aukin umferð PLAY og annarra flugfélaga mun þýða áframhaldandi fjölgun starfa á flugvöllinum og að öllu óbreyttu áframhaldandi fjölgun íbúa í Reykjanesbæ en flugvöllurinn er lang stærsti vinnustaður og því mikilvægur áhrifavaldur á staðbundin efnahagsáhrif á svæðinu.

Fjölmörg verkefni, sem munu skapa ný og fjölbreytt atvinnutækifæri í nágrenni framtíð, eru ýmist í undirbúningi eða hafin. Má þar nefna margvíslega uppbyggingu í og við Njarðvíkurhöfn og nágrenni á Fitjum, grænan iðngarð í Helguvík, fyrirhugaða uppbyggingu NATO í Helguvík, markvissa uppbyggingu og þróun þörungaræktar á svæðinu, frekara fiskeldi á landi m.a. á Reykjanesi, uppbyggingu undir merkjum K64, sem er samstarfsverkefni Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, KADECO og ISAVIA, með áherslu á nærsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Aðaltorgs og á Ásbrú, fjölgun íbúða í Dalshverfi III og í Hlíðarhverfi, nýtt hjúkrunarheimili og margt fleira mætti nefna.

Tækifærin eru því mörg en ógnanirnar einnig. Má þar m.a. nefna nýtt eldgosatímabil á Reykjanesi, sem enginn veit hvort eða hvað muni standa lengi, ófriður í heiminum sem getur haft mikil áhrif á ferðalög fólks á milli landa, að fjölgun starfa verði helst í hópi lægra launaðra starfa s.s. í ferðapjónustu og flugafgreiðslu, að eftirspurn eftir félagslegu húsnæði haldi áfram að vaxa.



Stefnumörkun og áherslur til framtíðar

Á árunum 2018 og 2019 vann þáverandi bæjarstjórn sameiginlega að mörkun stefnu sem samþykkt var hausið 2019 og ætlað er að vera leiðarljós Reykjaneshæjar til ársins 2030. Stefnan samanstendur af Framtíðarsýn, 6 megin áherslum og 3 gildum, sem tengjast svo Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og mynda grundvöll fyrir nokkrar lykilaðgerðir 2 ár í senn. Eftir að stefnan var mörkuð hefur verið unnið að kynningu og innleiðingu hennar í öllu stjórnkerfinu, skilgreiningu á hlutverki Reykjaneshæjar og frekari útfærslum og aðlögun megináherslna að sífelldum breytingum í ytra umhverfi. Hlutverk Reykjaneshæjar er nú skilgreint á eftirfarandi hátt;

„Reykjaneshæjar skapar íbúum öruggt umhverfi, annast lögmæt verkefni og veitir skilvirka þjónustu sem eykur lífsgæði íbúa. Sveitarfélagið leggur grunn að sameiginlegri velferð og vexti allra og býr til líflegt og aðlaðandi samfélag.“

Framtíðarsýnin er þannig orðuð;

„Reykjaneshæjar er fjölskylduvænn bæjar sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótt- og menningarstarf. Íbúar sinna fjölbreyttum störfum í vistvænu fjölmenningsamfélagi sem einkennist af Virðingu, Eldmóði og Framsækni (VEF)“

Og megináherslurnar 6 eru;

Börnin mikilvægust, Velliðan íbúa, Fjölbreytt störf, Skilvirk þjónusta, Vistvænt samfélag og Kraftur fjölbreytileikans sem jafnframt er yfirskrift stefnunnar; Í krafti fjölbreytileikans. Með henni er m.a. verið að vísa til þess að mikilvægt sé að líta á hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna sem tækifæri og mikilvægt að virkja kraftinn og möguleikana sem í því felst enda bendir ekkert til annars en að sú þróun muni halda áfram ekki bara hér á Suðurnesjum, heldur landinu öllu eins og víða annars staðar í veröldinni. Þar ráða kraftar sem við höfum lítið um að segja eins og stríðsátök, hlýnun jarðar og sífelld leit fólks um allan heim af betri lífsskilyrðum en þau eiga vöð á í sínu heimalandi. Þessi þróun er ekki ný og til upprifjunar má minna á að fyrstu landnámsmenn Íslands voru líklega á ferð um höfin á nákvæmlega sömu forsendum þegar þeir rötuðu hingað og ákváðu að nema hér land.



Starfsfólk

Þótt einn af styrkleikum Reykjanesbæjar sé gott og öflugt starfsfólk er þörf á að fjölga og hækka hlutfall menntaðs fagfólks í mörgum mikilvægum störfum. Má þar nefna kennara, þroskaþjálfara, sálfræðinga, félagsráðgjafa og fleiri fagstéttir sem starfa í félagsþjónustunni sem og leik- og grunnskólum. Þessar mikilvægu stofnanir í okkar samfélagi eru að stórum hluta mannaðar af ófaglærðu fólki sem þó vinnur kraftaverk á hverjum degi við mjög krefjandi aðstæður. Mörg þeirra eru í starfstengdu námi samhliða vinnu og hvetjum við og styðjum okkar frábæra, ófaglærða starfsfólk með margvíslegum hætti til að afla sér menntunar og fagréttinga.

En til þess að geta laðað að til okkar meira af fagfólki þurfum við að vera samkeppnisfær á öllum sviðum. Ekki bara í launum og starfsaðstöðu heldur einnig að skapa hér enn betra samfélag sem fólk vill búa í. Það er stóra verkefnið. Of margir úr hópi stjórnenda og annarra sem sinna betur launuðum störfum á Suðurnesjum, bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði, sjá hag sínum betur borgið með því að búa á höfuðborgarsvæðinu en starfa hér. Það þýðir auðvitað að sveitarfélögin á Suðurnesjum njóta ekki skatttekna af fólki í betur launuðum störfum á svæðinu og þeirri þróun þarf að snúa við. Það gerum við aðeins með því að skapa hér það gott samfélag að fólk sjái hag sínum betur borgið með því að búa og starfa hér og losna við að aka Reykjanesbrautina til og frá vinnu. Einnig er mikill vöxtur í fjarvinnu ýmiskonar og algengara að fólk sinni margvíslegum störfum frá heimilum sínum eða sérstökum fjarvinnustöðum heima í héraði þótt störfin tengist fyrirtækjum í öðrum landshlutum eða jafnvel öðrum löndum. Í slíkum störfum hlýtur að vera gott að búa nærri alþjóðaflugvelli.

En við sem vinnuveitandi þurfum að gera betur þegar kemur að ráðningum fólks af erlendu bergi og fólks með skerta starfsgetu, bæði til að endurspeglar betur samfélagið okkar en einnig til að vera öðrum vinnuveitendum fyrirmynd og hvatning til hins sama og nýta þannig kraftinn sem býr í fjölbreytileika okkar samfélags. Helstu vandamál annarra ríkja, sem rakin eru til fjölmenningar, eru talin eiga rætur í ófullnægjandi inngildingunni íbúa af erlendu bergi í nærsamfélögin. Við sem þjóð og fjölmenningsamfélag þurfum að læra af því. Þar lofar verkefnið „Allir með“ góðu en það hófst með það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendu bergi í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi en hefur verið að þróast enn frekar með aðkomu og þátttöku fyrirtækja og vinnuveitenda sem treysta og byggja starfsemi sína að einhverju eða öllu leyti á erlendu vinnuafli. Þar hefur vinna og frumkvæði verkefnastjóra fjölmenningar og velferðarsviðs við gerð samfélagsgreiningar hjálpað mikið og nýst vel. Við vitum mun meira og þekkjum betur samsetningu samfélagsins okkar núna en fyrir 3 árum, sem hjálpar okkur að taka betri ákvarðanir til framtíðar.

Barnvænt sveitarfélag

Annað mikilvægt verkefni sem nú er unnið að er innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samvinnu við UNICEF á Íslandi en Reykjanesbær er eitt margra sveitarfélaga sem vinnur nú að þeirri innleiðingu. Ef allt gengur eftir ætti innleiðingunni að ljúka með því að við fáum vottun sem barnvænt sveitarfélag árið 2025 en það verkefni samræmist stefnuáherslunni „Börnin mikilvægust“. Samtöl bæjarstjórnar og ungmennaráðs hafa leitt af sér margar góðar aðgerðir og áherslur og það að ungmenni eigi nú áheyrnarfulltrúa í flestum nefndum og ráðum sveitarfélagsins hefur opnað beina leið fyrir skoðanir og innlegg barna og ungmenna í margvíslega og mikilvæga umræðu við þau borð þar sem margar af stærri ákvörðunum og tillögum sveitarfélagsins eru mótaðar og settar fram.



Sjálfbærnimál, kolefnisspor og hlýnun jarðar.

Þriðja og síðasta stóra verkefnið sem ég vil koma inn á hér er mikilvægi þess að Reykjanesbær, eins og önnur sveitarfélög og þjóðir um allan heim standa frammi fyrir, innleiði sjálfbærni í sem flesta þætti starfsemi sinnar. Ekki bara vegna umhverfisins og yfirvofandi hlýnunar jarðar heldur einnig í fjármálum og öðrum mikilvægum grundvallaratriðum samfélaga eins og okkar. Þótt opinber og sjáanleg umræða snúist að mestu leyti um nauðsyn þess að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, sorpflokkunar, sjálfbærrar orkuframleiðslu og orkuskipta er fjárhagsleg sjálfbærni síst minna mikilvæg. Í því skyni þurfum við að fara mjög varlega og gæta þess að við sníðum okkur stakk eftir vexti. Reykjanesbær hefur haft mikið fyrir því að ná niður skuldaviðmiði og koma böndum á reksturinn og vil ég nota þetta tækifæri og þakka þeim bæjarstjórnnum, starfsfólki, íbúum og öllum öðrum sem ég hef unnið með frá árinu 2014 fyrir árangursríkt samstarf um leið og ég minni okkur öll á mikilvægi þess að missa aldrei sjónar á þessu mikilvæga markmiði.

Kjarasamningar og stytting vinnuvikunnar

Að lokum vil ég vekja athygli bæjarfulltrúa á að framundan eru kjarasamningar við allar helstu stéttir og stéttarfélög landsins. Reykjanesbær og nær öll önnur sveitarfélög landsins hafa falið Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga að semja fyrir sína hönd. Laun eru langstærsti einstaki útgjaldaliður sveitarfélaga og á þessu ári 2023 stefnir heildar launakostnaður samstæðu Reykjanesbæjar í að verða 14 milljarðar og skiptir því hvert prósent gríðarlegu máli. Ef laun hækka til dæmis um 3% á næsta ári þýðir það 420 milljónir í hækkun launakostnaðar.

Ég gæti haldið lengi áfram en ætla að láta þetta duga í bili og fara nú stuttlega yfir helstu forsendur og lykiltölur í fyrirbyggjandi frumvarpi. Eins og ég sagði í upphafi er rétt að líta á fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun sem verk í vinnslu og á hún örugglega eftir að taka talsverðum breytingum í meðförum bæjarráðs á milli umræðna.

Einnig á bæjarráð eftir að taka endanlega ákvörðun um fjárfestingar á næsta ári en í því vaxtaumhverfi sem nú ríkir er ekki skynsamlegt að fjármagna framkvæmdir með lántöku. Þá þykir okkur sýnt að ráðast þurfi í lántöku uppá 1 milljarð á næsta ári og 2 árið 2025 til að fjármagna áðurnefnd verkefni til viðbótar við það eigin fé sem við höfum nú yfir að ráða. Þessi lán og leiguskuldbinding vegna nýs varðveisluhúss safnanna mun hafa óveruleg áhrif á skuldaviðmiðið til hækkunar en hver gróflega áætlað má reikna með að hver milljarður í auknar skuldir og skuldbindingar hækki skuldaviðmiðið um 3%. Hvaða verkefni verða endanlega fyrir valinu mun verða betur skýrt í annarri umræðu sem áætlað er að fari fram þ. 12. desember nk. En víkjum okkur þá að frumvarpinu sjálfu.